

**Nr. 071 / 13 Skúlaskeið****Vélarvana og dregið til hafnar**

Skipaskr.nr. 6581  
Smíðaður: Siglufirði 1959 Fura og eik  
Stærð: 9,2 brl. 13,4 bt.  
Mesta lengd: 11,72 m Skráð lengd: 11,27  
Breidd: 3,41 m Dýpt: 1,34 m  
Vél: Vetus 36 kW, 1985  
Fjöldi skipverja: 2  
Fjöldi farþega: 25



Skúlaskeið ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 30. maí 2013 var farþegabáturinn Skúlaskeið á siglingu utan hafnargarðs í Reykjavík. Veður: A 7-8 m/sek.

Báturinn var í útsýnissiglingu með farþega þegar hann varð vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Það var farþegabáturinn Elding II sem dró Skúlaskeið til hafnar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að sett hafði verið ný miðstöð í farþegarýmið sem tengd hafði verið í nýja kælivatnsdælu sem einnig átti að sjá um kælingu á kælivatni á aðalvél. Dælan virkaði vel á miðstöðina en kældi kælivatnið illa þannig að það sauð á aðalvélinni. Þegar gamla dælan var sett við gerðist þetta ekki en hún hafði ekki úrtak fyrir miðstöðina.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.